

Nýir Tjarnskælingar

Í umsóknarferli í skólanum koma allir umsækjendur í heimsókn í skólann áður en þeir sækja um. Skólastjóri kynnir skólastarfið fyrir viðkomandi og sýnir skólahúsnæðið. Eftir umsóknarferlið, og ef nemandinn fær skólavist, þá er hann undirbúinn fyrir fyrstu skrefin. Við skólasetningu leggur skólastjóri ávallt áherslu á að eldri nemendur taki sérstaklega vel á móti þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref. Skólastjóri og umsjónarkennari ræða við hvern bekk fyrsta skóladaginn og fá eldri nemendur til þess að hafa nýja nemendur sem sessunauta og vera þeim innan handar meðan þeir kynnast „Tjarnarskólataktinum“. Umræður um hlýlegt viðmót og tillitsemi fara fram strax fyrsta daginn í skólanum. Umsjónarkennari nýrra nemenda ræðir síðan við þá fyrstu dagana og hugar að líðan og svarar spurningum sem vakna.

Samstarf við þá grunnskóla sem nemendur koma úr og samstaf við framhaldsskóla

Þegar nýir Tjarnarskælingar hefja nám er óskað eftir að foreldrar veiti upplýsingar um námslega stöðu, s.s. í formi vitnisburðar og fleiri gagna sem skólinn hefur látið þeim í té. Það er gert í þeim tilgangi að hægt sé að stytta leiðina til að hver einstaklingur fái námsefni og kennslu við hæfi. Sumir skólar fylgja sínum nemendum vel úr hlaði til okkar til þess að tryggja sem best að tími og kraftar nýtist vel frá upphafi. Í sumum tilfellum hafa umsjónarkennarar samband við kennara í þeim skóla sem þeir koma úr til þess að afla nánari upplýsinga og margir skólar senda viðbótargögn, þegar það á við og þörf er á.

Námsþátturinn „menntun og störf“ – góð tengsl við framhaldsskólana

Á hverjum vetri eru tvær kennslustundir inni á stundaskrá 10. bekkinga. Í þeim fræðast þeir um framhaldsskólakerfið. Heimsóknir eru skipulagðar í nánast alla framhaldsskólana í Reykjavík. Auk þess er gjarnan farið í skóla utan Reykjavíkur s.s. Menntaskólann í Kópavogi, Fjölbrautaskólana í Garðabæ og Mosfellsbæ og þær brautir skoðaðar sem eru ekki á boðstólum annars staðar.